

Ráðstefna og aðalfundur Samtaka Forstöðumanna Sundstaða á Íslandi

Fundargerð

Fundurinn haldinn á Hótel Örk 29 – 30 Október 2004.

Ráðstefnuna setti formaður félagsins Ólafur Gunnarsson kl. 11:20 en tafir urðu á því að fundur gat hafist vegna árekstrar sem hafði orðið á Hellisheiði.

Bauð formaður fundarmenn velkomna og þá sérstaklega þá sem aldrei höfðu komið á fund fyrir.

Síðan tók við Rússnesk kosning á rástefnustjóra og fundarritara sem voru Hafsteinn Ingibergsson sem ráðstefnustjóri og Hartmann Kárason sem ritara.

Hafsteinn tók síðan við fundinum og gerði grein fyrir dagskrá ráðstefnunnar.

Byrjað var á því að allir fundarmenn stóðu upp og kynntu sig.

Dagskráin:

Kl. 11:40 – Hópvinna vegna Handbókar Sund- og baðstaða.

Hartmann kynnti verkefnið og las upp bréf frá Bjarna og Gunnari sem hafa tekið að sér verkefnið sem lokaverkefni í KHÍ en þeir eru á tómsundabraut þar. Að því loknu var skipt í hópa og vinna hófst.

Kl. 12:20 - Léttur hádegisverður í sal hótelsins.

Kl. 13 – Kynning á dælum og búnaði frá Prominet.

Hr. Hugoson frá fyrirtækinu fór í gegnum sögu fyrirtækisins og vöruframboð þess.

Hann ræddi um að fyrirtækið vildi aðstoða forstöðumenn við að skilgreina þörfina og velja tæki m.t.t. þess. Hann sagði einnig að fyrirtækið vildi einnig aðstoða við uppsetningu, eftirfylgni og þjálfun starfsmanna. Síðan kynnti hann nýtt kerfi sem þeir hafa verið að þróa síðustu tvö ár – “Dulcomarin II”

Þá fór hann yfir ýmsa möguleika í hreinsun og hvernig best er að standa að henni.

Kl. 15:00 - Kaffihlé

Kl. 15:10 – Tærleiki vatns.

Erlingur Jóhannesson fór yfir nýja reglugerð um Heilbrigði og hollustuhætti sund og baðstaða. Litlar breytingar hafa verið gerðar en þó má geta þess að ekki er lengur gerð krafa um jöfnunartank í B-laugum ef þær uppfylla kröfur um stýringu á klór og sýrustigi.

Að því loknu þá þá kom Erlingur hópnum á óvart og lagði fram próf sem hann hafði tekið í Danmörku en hann hafði þýtt það og lagði það fyrir hópinn. Sumir í hópnum svitnuðu aðeins. Menn áttu ekki alveg von á þessu en eftir smá tíma þá létti mönnum mikið við að Erlingur sagðist hafa lagt það fram til þess að fá menn til umhugsunar um sína þekkingu og hvernig við stöndum gagnvart öðrum löndum. Þetta fékk hópinn alveg örugglega til að hugsa þessi mál og kannski þörf fyrir suma en ekki alla. Erlingur naut sín allavega við að sjá menn svitna en síðan fór hann yfir þessi próf af miklum myndarbrag.

Að lokum tilkynnti Erlingur að þetta væri hans síðasti fundur sem íþróttafulltrúi Reykjavíkurborgar en hann mun hætta um næstu áramót vegna 95 ára reglunnar. Það verður að viðurkennast að þetta er sorglegt að heyra enda maðurinn á besta aldri. Vonandi sjáum við hann á ný í nýju starfi en hans krafta má svo sannarlega nýta á öðrum stöðum.

Þessu næst bauð Hafsteinn, Ólaf formann í pontu en hann sagði nokkur vel valin orð um Erling Jóhannesson og bauð hann síðan velkominn upp til að taka á móti viðurkenningu sem sýnir að hann sé heiðursfélagi samtakana.

Gísli Lór kvað sér óvænt máls og gerði það að máli sínu að forstöðumenn ættu að taka sig saman um að banna mat- og drykkjarvæli.

Einnig ræddi hann um að banna ætti ljósmyndurum að taka frjálst myndir og sýndi mönnum mynd af þremur krökkum komandi út úr rennibraut. Hann sagði réttilega að svona mynd gæfi mjög slæmt fordæmi en auðvita er þetta algjörlega bannað.

Kl. 16:30 Tekið var á móti okkur í Heilsustofnun NLFÍ. Glæsileg aðstaða þar skoðuð.

Kl. 17:30 Farið var í óvissuferð skipulagða af formanninum. Endað var á Stokkseyri í Draugasafninu þar eftir nokkra brandara frá Ólafi. Voru menn misfljótir í gegnum safnið en góð stemming var í hópnum.

Kl. 20:30 Hátíðarkvöldverður á Hótel Örk.

Laugardagur

Kl. 11:00 Aðalfundur SFSÍ 2004 – sjá aðalfundargerð.

Kl. 12:00 Hádegismatur á hótel Örk

Kl. 13:30 Stórglæsileg mannvirki nýju Laugardalslaugar skoðuð.

Kl. 15:00 Rekstarvörur tóku á móti okkur og kynntu sínar vörur.

Vel heppnuðum fundi var lokið og menn héldu heim á leið.

AÐALFUNDUR SFSÍ

HALDINN Á HÓTEL ÖRK 30. OKTÓBER 2004

Kl. 11:00 **Aðalfundur SFSÍ**
Dagskrá aðalfundar skv. lögum félagsins

Formaður bauð alla fundarmenn velkomna til fundarins.

Gerði hann að tillögu sinni að Hafsteinn Ingibergsson yrði fundarstjóri en fundarritari mætti ekki vegna misskilnings í vakningu og því tók Sveinn Rúnar Arason við því hlutverki og var það bæði samþykkt.

Gengið var til dagskrár.

Fundarstjóri gaf formanni félagsins orðið um skýrslu stjórnar. Var skýrslunni útteilt á fundinum og lagði Ólafur sérstaka áherslu á að menn kynntu sér reglur um styrktar og fræðslusjóð félagsins.

Skýrsla stjórnar SFSÍ árið 2003 - 2004

Stjórnina skipuðu:

Ólafur Gunnarsson, formaður
Jón Hjálmarsson, gjaldkeri
Bjarni Gunnarsson, ritari
Hartmann Kárason, meðstjórnandi
Hafsteinn Ingibergsson, meðstjórnandi

Stjórnarfundir urðu 6 á árinu auk samskipta í síma og með tölvupósti.

Engin formleg erindi eða umsagnir bárust á borð stjórnar á liðnu ári en töluvert var þó um fyrirspurnir af ýmsum toga.

Félagar í SFSI, sem skráðir eru með netföng, hafa fengið sendan tölvupóst frá ILS (International lifesaving federation) sem SFSI er aðili að í samstarfi við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu. Auk þess hefur ýmsum öðrum fróðleik verið dreift til félagsmanna t.d. Badmästaren og fréttum frá Dansk Svømmebadstekning Forening.

Stjórn SFSI hafði forgöngu um að kanna áhuga félagsmanna á að efna til hópferðar til Gautaborgar dagana 2.–4. nóv. n.k. á BAD 2004 og um leið að kynnst starfsfélögum okkar en þeirra aðalfundur er haldinn í tengslum við Baad 2004. Sjálfhætt var við það þar sem engin viðbrögð fengust af hálfu félaga SFSI.

Á síðasta aðalfundi var þeirri málaleitan beint til stjórnar að félagið beitti sér fyrir fræðslu um einelti. Eftir umræður um málið og óformlegar viðræður við fulltrúa Menntamálaráðuneytis var það niðurstaða stjórnar að ekki væri grundvöllur fyrir áframhaldandi umræðum. Skýrðist sú niðurstaða helst af því að bæði sveitarfélög og einstakir skólar höfðu þegar lokið við eða höfðu sömu málefni á dagskrá.

Formaður og gjaldkeri félagsins sátu ráðstefnu á vegum Dansk Svømmebadsteknisk Forening í desember á síðasta ári. Ráðstefnan bar yfirheitið, **“Hvernig væri ef allir sundstaðir væru þríhyrndir?”**

Efni ráðstefnunnar hefur áður verið sent til félagsmanna. Þar talaði Finn Kollerup frá Dansk Svømmebadsteknisk. Hann gerði þá þekkingu sem til er, meðal starfsmanna sundstaða m.a. að umtalsefni. Þetta er dýrmæt þekking sem vert er að halda saman.

Við á Íslandi erum engin undantekning. Hér hefur mikil þekking og reynsla hlaðist upp í áranna rás og nú þegar er hafin undirbúningsvinna að útgáfu handbókar fyrir sund- og baðstaði. Það er von stjórnar að þetta framtak styrki félagið sem heild. Félagsmenn eru hvattir til að taka vel á móti ritstjórum handbókarinnar sé til þeirra leitað.

Vert er að benda á að Dansk Svømmebadsteknik sendir reglulega frá sér ýmsan fróðleik auk þess að standa nokkuð reglulega fyrir ráðstefnum af ýmsum toga. Stjórn SFSI hvetur félagsmenn til að fylgjast vel með málefnum hverju sinni og kynna sér öll málefni er snerta okkar starfsstaði.

Eitt af þeim málum sem oftast hefur komið upp á borð á stjórnarfundum varðandi málefni félagsins eru spurningarnar: Hvernig eflum við félagið? Hvernig virkjum við heimasíðu félagsins á sem bestan máta sem upplýsinga-og fræðslumiðil.? Erum við sátt við ímynd okkar eins og hún er?

Eitt af því sem nauðsynlegt er öllum þeim sem eru í félagsskap, er að vera með, vera sýnilegir. Ef enginn veit af tilvist SFSI þá hverfum við í skuggann. Því er nauðsynlegt að minna á félagið, kynna það og markmið þess. Til að félagið geti látið að sér kveða þarf virkan félagsanda, hafa áhuga á framförum og endurbótum og veita stjórn þess hverju sinni virkan stuðning sem og aðhald.

Að lokum.

Allar tekjur sem aflast með auglýsingum á heimasíðu SFSI renna óskiptar í fræðslu- og styrktarsjóð sem hefur það markmið að auðvelda félögum í SFSI að kynna sér ýmis málefni sem snerta vinnu þeirra sem stjórnendur sund- og baðstaða, hvort sem um er ræða þátttöku í námsskeiðum, ráðstefnum eða fræðslu- og skoðunarferðum.

Auk auglýsingatekna kemur framlag úr félagssjóði. Stjórn SFSI hvetur félagsmenn til að kynna sér úthlutunarreglur sjóðsins.

-

Skráðir sundstaðir í SFSÍ eru um 60 talsins.

Skráðir félagar eru 66.

**Gerum gott félag enn betra, sýnum samstöðu,
verum á varðbergi um þau málefni sem snerta okkar vinnustaði.**

Október 2004

F.h. stjórnar

Ólafur Gunnarsson, formaður

Að ræðu formanns lokinni tók gjaldkeri til máls og flutti reikningsskil.

Ársreikningar lagðir fram

Jón Hjálmarsson, gjaldkeri, lagði fram ársreikning SFSÍ og fór yfir þá vel og vandlega. Þeir voru samþykktir.

Hann fór í gegnum skýrsluna. Tekjur ársins voru rúmar 450 þús en gjöld voru upp á rúmlega 395 þús. Þetta gerir hagnað upp á 56 þús kr.

Tekjur styrktar og fræðslusjóðs voru kr. 223.809 og gjöld kr. 10.000, eignir sjóðsins eru nú kr. 875.289

Lagabreytingar – Engar lagabreytingar voru.

Árgjald – Samþykkt var að það yrði óbreytt eða 10.000 kr.

Kosning stjórnar

Kosning stjórnar samkvæmt 4 gr. laga.

Úr stjórn áttu að ganga þeir Ólafur Gunnarsson og Hartmann Kárason, þeir voru báðir endurkjörnir til tveggja ára.

Bjarni Gunnarsson gekk úr stjórn vegna breytingu á starfi. Pétur Birgisson, Kópavogslaug var kosinn í hans stað til eins árs. Pétur var skoðunarmaður ársreikninga en hættir því og í hans stað kemur Gunnar Hallsson, Bolungarvík.

Hafsteinn, Hartmann og Jón sitja áfram og Ólafur var endurkjörinn formaður við mikið lófaklapp.

Skoðunarmenn reikninga eru þá:

Stefán Kjartansson og Gunnar Hallsson

Kjörnefnd var endurkjörin en í henni eru:

Guðmundur Harðarson

Vignir Sveinsson

Daníel Pétursson

Ólafur sté í pontu og þakkaði traustið sem honum var sýnt.

Önnur mál

Psoriasis

Daníel Pétursson kom í pontu og talaði um psoriasis sjúklinga vegna úrklippu í Fréttablaðinu. Var það mál rætt en í þessari grein kom fram að psoriasis sjúklingar telja sig verða fyrir fordómum. Töldu fundarmenn að svo ætti nú ekki að vera.

Daníel notaði einnig tækifærið og þakkaði Erlingi fyrir frábært starf á vegum félagsins.

Gísli Lórenzon kom í pontu og hnýtti á í sambandi við fjölmiðla og það sem þarf að laga eins og t.d. að leyfa þeim að taka myndir af mörgum fara í einu í rennibraut. Fjörugar umræður urðu á fundinum og komu önnur mál einnig upp en ekki til að telja upp hér.

Vinnuhópar skiluðu sinni vinnu til stjórnar.

Ólafur fór síðan með lokaorð eins og sleit fundi.